

Nd.

592. Nefndarálit

[221. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13 10. apríl 1979, eru ákvæði um framlagningu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnarinnar svo og um framlagningu lánsfjárlaga.

Í upphafi 14. gr. laganna segir svo:

„Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpi“

Í upphafi 16. gr. sömu laga segir: „Með skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal lagt fram frumvarp um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki, sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Lántökuheimildir eða ábyrgðir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eigi við“

Af því, sem hér hefur verið bent á, má glögglega sjá hvers konar vinnubörgð eru viðhöfð af núverandi ríkisstjórn þegar enn hefur ekki verið lögð fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlög fyrir árið 1983 voru lögð fram á Alþingi 1. mars s. l. eða nærri 5 mánuðum síðar en lög mæla fyrir.

Hér er um algjört einsdæmi að ræða og hefur þó á ýmsu gengið hjá núverandi ríkisstjórn í þessum efnum sem öðrum og aldrei verið farið að lögum.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarpið til athugunar aðeins í 9 daga og hraði afgreiðslu málsins hefur mótast af þeirri vitneskju, að lok eru komin í störf Alþingis og þingrof væntanlegt á næstu dögum.

Það liggur því ljóst fyrir, að ekki er með nokkrum hætti hægt að vinna að afgreiðslu málsins eins og þörf hefði verið fyrir og í ljós hefur komið við þá mjög svo takmörkuðu athugun sem hægt hefur verið að gera.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd ákveðið að fallast á þá tillögu formanns nefndarinnar, að afgreiðsla geti farið fram á þessu frumvarpi sem bráðabirgðaafgreiðsla, en vilja eindregið mótmæla vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og gera kröfu til þess, að slík vinnubrögð verði ekki endurtekin.

Undirritaðir nefndarmenn munu ekki greiða atkvæði gegn I. og III. kafla frv., en eru með öllu óbundnir af afgreiðslu ákvæða skv. II. kafla frv. Auk þess áskiljum við okkur rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Sú afgreiðsla lánsfjárlaga, sem hér virðist blasa við, er dæmigerð um það stefnuleysi og ráðleysi sem nú ríkir hjá ríkisstjórninni og stuðningsliði hennar.

Forsendur frumvarpsins.

Það frv. til lánsfjárlaga, sem hér er til afgreiðslu, gerir ráð fyrir 42% verðbreytingum á milli árána 1982 og 1983, en það þýðir 30—32% verðbólgu frá ársbyrjun til loka þessa árs. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala“ fjárlagafrumvarpsins. Frá því þessi „reiknitala“ var ákveðin hefur orðið veruleg launabreyting og þróun verðlagsmála sýnist verða með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að öllu óbreyttu 70—80% verðbólgu.

Það liggur því ljóst fyrir að frumvarpið var löngu orðið óraunhæft, þegar það var lagt fram, og tölur þess í engu samræmi við raunveruleikann. Það sést best á því, að ósamræmi er

á milli talna í frv. varðandi löng erlend lán árið 1982 svo og öllum þeim áætlunum og greinargerðum sem nefndinni bærust, þegar til fundar voru boðaðir fulltrúar þeirra stofnana og fjárfestingarsjóða sem hagsmuna hafa að gæta.

Eru greinargerðir þessar svo og áætlanir birtar sem fylgiskjöl.

Innlend fjáröflun.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir innlendri fjáröflun sem nemur 1596 m. kr.

Hér er um að ræða innlenda fjáröflun til ríkissjóðs svo og einstakra fjárfestingarlánasjóða og gert ráð fyrir útgáfu spariskírteina, verðbréfakaupa viðskiptabanka og lífeyrissjóða.

Það kom mjög glögg fram, að hér er um ofáætlun að ræða. Það staðfestir reynsla s. l. árs. Auk þess er hreinlega ofmat á fjármögnun á yfirstandandi ári. Má skv. því gera ráð fyrir ofáætlun milli 350 og 400 m. kr.

Erlend fjáröflun.

Erlend fjáröflun er enn aukin, þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir sem komið hafa frá þeim aðilum sem gerst þekkja. Eru allir sammála um það, að erlendar lántökur eru komnar að hættumörkum. Búast má við því, að erlend lán verði yfir 50% af þjóðarframleiðslunni 1983 og greiðslubyrðin rúmlega 25% af þjóðartekjunum. Hér er um að ræða, að því er varðar bæði erlendar skuldir og greiðslubyrði, hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr.

Það kom mjög skýrt fram, að þær erlendar lántökur, sem frv. gerir ráð fyrir, eru vanáætlaðar og er talið að á skorti nærri 600 m. kr. vegna þeirra skuldbindinga og ákvarðana sem stjórnvöld hafa tekið eða samþykkt.

Árið 1982 var heimild til erlendar lántöku 2 255 m. kr., en reyndist hins vegar 3 500 m. kr., og eru erlendar skuldir þjóðarbúsins 31/12 s. l. árs orðnar 19 600 m. kr.

Af reynslunni 1982 má sjá hversu óraunhæfar allar tillögur í þessum málum hafa verið, og er ekki nokkur vafi á því, að svo mun enn reynast á þessu ári. Allt hjal fjármálaráðherra um niðurskurð erlendra lántaka eru blekkingar einar. Má m. a. benda á að afborganir erlendra lána 1983 eru áætlaðar 2 300 m. kr.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða.

Það vakti mikla furðu þegar fulltrúar fjárfestingarlánasjóðanna hver á fætur öðrum mættu á fundum nefndarinnar með fjárhagsáætlanir sem byggðar eru á raunsæju mati þeirra, en eru í engu samræmi við tillögur lánsfjárlagafrumvarpsins.

Ljóst er af þessu að með engu móti verður hægt að sinna starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna eins og lög mæla fyrir, verði ekki úr bætt. Það er svo sem ekkert frábrugðið öðru í sambandi við þetta mál og meðferð þess. Starfsemi fjárfestingarlánasjóða er því í mikilli óvissu á yfirstandandi ári.

Af því, sem hér hefur verið dregið á, má sjá að lánsfjárlagafrv. það, sem ríkisstjórnin hefur loks lagt fram, er í senn slæga undirbúið, óraunhæft með öllu og er ekki með neinum hætti til þess að leyst verði þau fjölmörgu vandamál sem við er að glíma.

Á meðan situr í landinu stefnulaus og úrræðalaus ríkisstjórn, sem lætur þjóðarskútuna reka stjórnlaust fyrir sjó og vindi. Afleiðingar þessa eru þær, að eftir þriggja ára starfsferil núverandi ríkisstjórnar er útlit í þjóðmálum dekkra en nokkru sinni fyrr.

Alþingi, 10. mars 1983.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Matthías Bjarnason.
Sighvatur Björgvinsson.

Albert Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

21. febrúar 1983.

Endurskoðun áætlunar um heildarlán og erlendar lántökur á lánsfjáráætlun 1983.

Vísað er til töflu með endurskoðaðri áætlun um innlenda lánsfjáröflun og greinargerðar um skiptingu verðbréfakaupa lífeyrissjóðanna. Í framhaldi af þessu verður hér reynt að draga ályktanir um heildarlántökur og erlendar lántökur.

1. Opinberar framkvæmdir.

Í stað fjárlagaáætlunar, en á forsendum hennar, breytist **innlend fjáröflun** sem hér segir:

M.kr.:	Fjárlagaáætlun	Endursk. áætlun
Útgáfa spariskirteina	200	150
Innheimta umfr. innlausn	360	330
Bankakerfi (sparisjóðir)	103	20
Lífeyrissjóðir	85	50
Annað (Landsvirkjun)	73	73
Alls	821	623

Minnt er á fyrirvara við lán sparisjóða og lífeyrissjóða (hér talin skv. hærra tilviki). Því hvort Landsvirkjun reiknar með 73 m. kr. lánagreiðslum er vísað til hagsýslunnar. (Svo er talið vera).

Þessar 623 m. kr. nægja til að fjármagna lán til Bygðasjóðs og Lánasjóðs námsmanna í B-hluta og aðrar framkvæmdir en vegagerð í A-hluta, alls 556 m. kr. skv. tilviki I eða 514 m. kr. skv. tilviki III.

Brýna nauðsyn ber til að skera niður framkvæmdir frá tilviki III sem þessu svarar. Virðist það skaðlausast gert með því að fresta sem mestu af Blönduvirkjun og Suðurlínu. Þar á móti telur hagsýslan, að ekki verði hjá því komist, að lántökur Landsvirkjunar verði 610 m. kr., skv. tilviki II.

Sé gert ráð fyrir, að slík lausn geti lánast, koma út eftirgreindar heildarstærðir:

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir, m. kr.	Fyrri áætlun tilvik III	Endursk. áætlun
Innlend fjáröflun	821	623
Erlend fjáröflun	2 295	2 405
Alls	3 116	3 028

Um þessi atriði þarf hið fyrsta að taka ákvarðanir.

2. Fjárfestingarlánasjóðir.

Mismunandi áætlunir um Framkvæmdasjóð eru sem hér segir:

M. kr.:	Áætlun F.Í. 18/10	Fjárl.- og hags. 17/1, III	Endursk. áætlun
Eigið ráðstöfunarfé	50	50	50
Lán frá innl. bönkum	200	100	103
Lán frá lífeyrissjóðum	300	230	187
Erlend lán	470	598	640
Alls = lánveitingar	1 020	978	980

Þar sem Framkvæmdasjóður hefur að venju þegar lagt strangt og aðhaldssamt mat á lánaþarfirnar, má telja mjög örðugt að skera þær frekar niður úr ofangreindum 1 020 m. kr. Auk þess eru áætlaðar 20 m. kr. til Iðnþróunarsjóðs.

Yfirlit um áætlaðar heildarlánveitingar fjárfestingarlánasjóða liggur enn ekki fyrir, en er væntanlega í vinnslu hjá Framkvæmdasjóði.

3. Atvinnufyrirtæki, erlend lán.

Fyrri áætlun greiðslujafnaðardeildar Seðlabankans frá 16. nóvember sýndi **1 080 m. kr.** erlendar lántökur atvinnufyrirtækja. Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerði tilraun til niðurfærslu þeirrar áætlunar í fjórum tilvikum, í **660 m. kr.** skv. tilviki III.

Nú hefur áætlunin verið endurunnin með hliðsjón af nýrri vitneskju um einstök áform, sbr. vinnublað 21. febrúar. **Niðurstaðan er** 1 150 m. kr. lántökur m. v. gengisforsendur fjárlagaáætlunar. Lántökuform þessi mega að langmestu leyti teljast þegar bundin og heimiluð, svo að ekki verður haggð nema gerðar séu sérstakar og óvenjulegar ráðstafanir til að rifta áorðnum áformum og skuldbindingum.

4. Heildaráætlun um erlendar lántökur.

Hér verða dregnar saman þær áætlanir, sem fyrir liggja um erlendar lántökur skv. framansögðu, en ekki er enn unnt að taka saman heildaryfirlit um lánveitingar til fjárfestingar.

Erlendar lántökur m. kr.:	Áætlun F. og h. 17/1 tilvik III	Endurskoðuð áætlun
Opinberar framkvæmdir	2 295	2 405
Fjárfestingarlánasjóðir	618	660
Atvinnufyrirtæki	660	1 150
	Alls	
	3 573	4 215

Svo vill til, að fyrra áætlunartilvikið er nánast hið sama í krónum talið sem erlendar lántökur fyrra árs, 3 546 m. kr. Sú fjárhæð umreiknuð eftir gengisforsendu áætlunarinnar mundi hins vegar nema 4 940 m. kr. Það standa hins vegar engin rök til þess að taka aftur svo mikil lán sem gert var fyrir ári. Knýjandi nauðsyn ber til að beita þrengri takmörkunum en felast í endurskoðaðri áætlun, 4 215 m. kr. Sú tala kemur eigi að síður fram við það, að ekki er sjáanlegur neinn kostur á að komast lægra eftir allt sem á undan er gengið. Þarf jafnvel að beita verulegri ýtni og hörku til þess að komast niður í það mark frá hinum upphaflegu áætlunum.

Fylgiskjal II.

21. febrúar 1983

Skipting áætlaðra verðbréfakaupa lífeyrissjóða 1983.

Endurskoðuð áætlun liggur nú fyrir um innlenda lánsfjáröflun 1983, sbr. yfirlit dags. 18. febrúar. Sumir liðirnir eru sérstaklega markaðir opinberum framkvæmdum, aðrir fjárfestingarlánasjóðum, en skipting lífeyrissjóðafjár er enn opin til ákvörðunar eftir því sem við verður ráðið.

Við yfirvegun þeirra skiptingar verður einkum að taka mið af tvennu:

1) Vissir framkvæmdaflokkar hafa engan aðgang að erlendu lánsfé, einkum íbúðabyggingar og opinberar framkvæmdir, sem ekki teljast framleiðnar í skilningi erlends gjalddeysis eða sparnaðar hans. Er því eðlilegt að hefja ráðstöfun lífeyrissjóðafjár með úthlutun til þessara aðila.

2) Þeirri úthlutun verður þó að halda í framkvæmanlegu lágmarki, þar sem sýnt er, að erlendar lántökur leita út fyrir sett mörk.

Samkvæmt áður greindu plaggi koma 770 m. kr. verðbréfakaup til skipta á árinu 1983 miðað við forsendur fjárlaga um 42% meðalverðhækkun frá fyrra ári.

Lán utan áætlunar.

Lífeyrissjóðir hafa á undanförunum árum veitt talsverð lán utan lánsfjáraætlunar til fjárfestingarlánasjóða. Námu þau 74 m. kr. 1981 og 119 m. kr. 1982, þ. e. 60,6% hækkun eða u. þ. b. sama og verðlagshækkun. Festa virðist komin á þessi viðskipti, að tiltölu við verðlag. Að miklu leyti eru þau háð sérstökum tengslum milli lífeyris- og fjárfestingarlánasjóða, en að nokkru eru þau háð vildarboðum lánskjara. Verði ekkert að gert, má búast við, að þessi lán geti numið allt að 170 m. kr. 1983 m. v. forsendur fjárlaga. Yrðu þá ekki nema 600 m. kr. til skiptanna milli aðila lánsfjáraætlunar.

Íbúðalánasjóðirnir.

Byggingarsjóður ríkisins hefur nú samið endurskoðaða gerð áætlunar sinnar, þó án staðfestingar húsnæðismálastjórnar, og er hún þannig samandregin.

Fjáröflun:	m. kr.
Eigin fjármögnun úr rekstri	74
Framlög ríkissjóðs	148
Lántökur	398
	<hr/>
Skyldusparnaður nettó	42
Atvinnuleysistryggingasjóður	76
Lífeyrissjóðir	280
Alls	620
Ráðstöfun:	
Útlán	605
Sjóðshækkun	15
Alls	620

Hér er fjárvöntun skv. áætlun 60 m. kr. færð saman við þörf fyrir fé frá lífeyrissjóðunum.

Áætlun þessi er þegar skorin talsvert niður frá fyrstu áætlun, einkum lán til eldri íbúða. Ríkisframlag hefur verið tvöfaldað með það fyrir augum, að lán til frumbyggjenda verði hækkuð um 25%. Þó hefur ekki verið tekið tillit til þessa markmiðs í áætluninni. Gerir þetta mjög illa frambærilegt að skera áætlunina enn frekar niður. Það ber að sama brunni, að Byggingarsjóður hefur að undanfögnu verið í yfirdrætti við Seðlabankann, um og yfir 50 m. kr., en þeirri skuld verður að eyða hið fyrsta.

Byggingarsjóður verkamanna endurskoðaði áætlun sína 8. desember. Síðan þá hefur ríkisframlag hækkað úr 148 í 158 m. kr., en útgreiðsluliðir hækkað þar á móti. Lánveitingar eru áætlaðar 357 m. kr. og fjárvöntun, sem aðeins er leysanleg á vegum lífeyrissjóða, nemur um 160 m. kr.

Lífeyrissjóðafé til íbúðalána stefnir of hátt með þessu, upp í 440 m. kr. Er í því sambandi bent á stjórnarfrumvarp, sem fyrir liggur um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun. Með 19. gr. frv. er stefnt að því að rýmka um eigið fé og bein lífeyrissjóðalán íbúðakaupenda, og yrði það til samsvarandi sparnaðar á fé Byggingarsjóðs verkamanna. Lagt er hér með til, að þessu verði fylgt eftir með nokkrum niðurskurði lífeyrissjóðafjár. Er það bæði í samræmi við aðhald að öðrum fjárfestingarlánasjóðum og knýr á, að umræddrar hliðarfjármögnunar verði leitað. Hér verður reiknað með niðurskurði um 40 m. kr., lánveitinga í 317 m. kr. og lífeyrissjóðafjár í 120 m. kr.

Framkvæmdasjóður hefur gert tilkall til þess að fá 300 m. kr. lán frá lífeyrissjóðunum, og er það rúmlega þreföldun frá 90 m. kr. árið 1982. Sé gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður ásamt Stofnlánadeild landbúnaðarins búi að því, sem eftir stendur af óumdeildu lánsfé lífeyrissjóða, 200 m. kr., fær Framkvæmdasjóður 187 m. kr. í sinn hlut og Stofnlánadeild 13 m. kr. Með tilliti til mikilla skuldbindinga Framkvæmdasjóðs annars vegar og annarrar fjáröflunar ríkissjóðs hins vegar virðist hér um eðlilegan forgang að ræða.

Ríkissjóður fengi skv. þessu ekkert lífeyrissjóðafé, ef sjóðir utan áætlunar taka til sín svo sem horfir. Eðlilegt má telja, að þeir sæti einnig nokkrum niðurskurði, ef tök verða á. Helst gæti það orðið með þeim hætti, að Framkvæmdasjóður hóti að rýra útlán nú að sama skapi og íbúðalánasjóðirnir bindi full lán frá sér skilyrðum um fullnægjandi verðbréfakaup lífeyrissjóða. Með þessum aðgerðum er mælt, en þar til eitthvað slíkt hefur verið ákveðið er gert ráð fyrir, að hlutur ríkissjóðs sé fyrir borð borinn.

Skipting lífeyrissjóðafjárins gæti þó orðið sem hér segir í tveim tilvikum:

M. kr.:	I	II
Byggingarsjóður ríkisins	280	280
Byggingarsjóður verkamanna	120	120
Framkvæmdasjóður	187	187
Stofnlánadeild landbúnaðarins	13	13
	<hr/>	<hr/>
	600	600
Ríkissjóður	—	50
Sjóðir utan áætlunar	170	120
	<hr/>	<hr/>
Alls	770	770

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

21. febrúar 1983

Endurskoðuð áætlun um innlenda lánsfjáröflun 1983.

	Útkoma 1981	Bráðab.- áætlun 1982	Drög að láns- fjáráætlun 1983	Endursk. áætlun 1983. m. v. verð- lagsh. 42%
1. Markað opinberum framkvæmdum:				
1.1. Útgáfa spariskírteina	51,1	131,9	200,0	150,0
1.2. Innheimta umfr. innlausn	110,0	120,0	360,0	330,0
1.3. Innheimta	(167,7)	(240,0)	(381,0)	(381,0)
1.4. Innlausn	(-57,7)	(-120,0)	(-21,0)	(-51,0)
1.5. Verðbréfakaup bankakerfis ¹⁾	75,6	70,4	103,0	20,0
1.6. Annað	26,1	55,0	—	—
1. Alls	262,8	377,3	663,0	500,0
2. Markað fjárfestingarlánasjóðum:				
2.1. Lán Atv.trsj. til Byggingarsj.	118,8	52,4	76,3	76,3
2.2. Skyldusp. nettó til Byggingarsj.	8,9	25,0	42,0	42,0
2.3. Lán bankakerfis til Framkv.sj. ²⁾	55,4	76,8	103,0	103,0
2. Alls	183,1	131,7	221,3	221,3
3. Verðbréfakaup lífeyrissjóða, til skiptingar:				
3.1. Til opinberra framkvæmda	56,7	55,0	85,0	
3.2. Til fjárfestingarlánasjóða	283,6	413,7	680,0	
3.3. Til Framkvæmdasjóðs	70,2	90,3		
3.4. Til Byggingarsjóðs ríkisins	119,6	128,9		
3.5. Til Byggingarsjóðs verkam.	13,4	66,8		
3.6. Til Stofnlánad. skv. áætlun	6,5	9,0	13,0	13,0
3.7. Til fjárf.l.sj. skv. áætlun	209,7	295,0	624,0	
3.8. Til annarra sjóða	73,9	118,7	56,0	
3. Alls	340,3	468,7	765,0	770,0
Innlend lánsfjáröflun, alls	786,0	971,3	1 649,3	1 491,3

Aths.:

¹⁾ Endurskoðuð áætlun 1983 gerir ráð fyrir 4% af innlánaaukningu sparissjóða, en um það er enn ósamið.

²⁾ Gert er ráð fyrir 4% af innlánaaukningu viðskiptabanka skv. yfirlýsingu sambands þeirra.

Fylgiskjal III.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

21. febrúar 1983
Vinnublað

Um erlendar lántökur atvinnufyrirtækja 1983.

Nú liggja fyrir allnákvæmar upplýsingar um erlendar lántökur atvinnufyrirtækja á árinu 1982. Í framhaldi af því og einnig með hliðsjón af afgreiðslu og staðfestingu nýrra lánaheimilda hefur spá, sem gerð var í nóvember 1982 um erlendar lántökur atvinnufyrirtækja á árinu 1983, verið endurskoðuð. Fylgir hér með sundurliðað yfirlit um áætluð skipakaup erlendis frá, endurbætur unnar erlendis, innlenda skipasmíði, bæði nýsmíði og endurbætur, en langmesti hlutinn eða yfir 70% af fyrirhuguðum erlendum lántökum atvinnufyrirtækja er vegna framangreindra þátta. Eins og sjá má af yfirlitum byggir áætlunin um þessa þætti því nær eingöngu á þegar veittum heimildum ríkisstjórnar (samþykktum langlánanefndar og/eða Fiskveiðasjóðs) og er þar mjög lítið ætlað fyrir ófyrirséðu. Um niðurskurð á þessum liðum getur vart orðið að ræða þar sem heimildir eru fyrir því nær öllu, sem áætlað er. Liðurinn Vélar og tæki er hér áætlaður rúmlega helmingi lægri en hann reyndist vera árið áður miðað við sambærilegt gengi, og byggist það að nokkru leyti á því, að ekki eru lengur heimilaðar lántökur til kaupa á vinnuvélum og vörubifreiðum. Í heild eru erlendar lántökur atvinnufyrirtækja 1983 áætlaðar 1 150 m. kr., sem er álíka fjárhæð og reyndin varð árið áður reiknað á sambærilegu gengi.

21. febrúar 1983
Vinnublað

Lánsfjáráætlun 1983.
Erlendar lántökur atvinnufyrirtækja.

Í millj. króna	Bráðabirgðatölur 1982	Spá 1983
Atvinnufyrirtæki:	845,4	1 150,0
Járblendifélagið	104,5 ¹⁾	60,0
Skip	349,8	415,0
Fiskiskip (innflutt)	157,1	185,0
Önnur skip (innflutt)	128,6	190,0
Endurbætur (erlendis)	64,1	40,0
Flugvélar	5,0	10,0
Innlend skipasmíði (fiskiskip)	89,2	350,0
Endurbætur (innanlands)	44,9	65,0
Vélar og tæki	150,0	100,0
Ýmislegt	102,0	150,0 ²⁾
Áætlað meðalgengi U.S.\$ =	12 524	17,44

¹⁾ P. a. er hluthafalán ríkissjóðs = 55 millj. kr.

²⁾ P. a. er rekstrarlán Flugleiða h.f. (\$ 6 millj.) = 105 millj. kr.

Fiskiskipakaup — 1983	Heimild ¹⁾	Kaupverð	Erlend lán
Gullberg h.f. v/smíði tog. í Noregi	HL	NOK 36 500 000	NOK 28 800 000
Samtog s.f. v/smíði skips í Póllandi	HL	USD 2 258 000	USD 1 580 600
Ós h.f. v/smíði tog. í Póllandi	HL	USD 3 150 000	USD 2 110 500
Ástvaldur Pétursson v/skips í Noregi	HL	NOK 2 000 000	NOK 1 340 000
Garðey h.f. v/skips í Noregi	FS	NOK 8 500 000	NOK 4 250 000
Samtals á áætluðu meðalgengi 1983 í millj. króna		220,7	156,8
Ófyrirséð (1 × skip)		39,3	28,2
	Alls	260,0	185,0

Fiskiskipakaup — 1984

Samtog s.f. v/smíði skips í Póllandi	HL	USD 2 258 000	USD 1 580 600
Hrói h.f. v/smíði skips í Póllandi	HL	USD 2 350 000	USD 1 645 000

¹⁾ Skýring á heimild:

HL = Heimild langlánanefndar

FS = Fiskveiðasjóður

Innlend skipasmíði — 1983	Heimild ¹⁾	Kostnaðarverð	Erlend lán
Stálvík v/tog. Hólmadrangs h.f.	HL	USD 8 000 000	USD 2 288 677
Slippstöðin v/tog. Fáfnis h.f.	HL	USD 6 000 000	USD 5 600 000 ²⁾
Þorgeir og Ellert v/Hraðfr.h. Breiðd.v.	HL	USD 4 500 000	USD 4 000 000 ³⁾
Skagavík h.f. v/yfirbygg. á skrokk	FS	NOK 8 000 000	NOK 4 000 000
Slippstöðin v/raðsmíði, B-66	HL	(NOK 22 196 326)	NOK 8 879 000
Slippstöðin v/raðsmíði, B-67	HL	(NOK 22 196 326)	NOK 8 879 000
Vélsm. Stál v/skips Ritu h.f.	FS	USD 3 000 000	USD 2 250 000 ⁴⁾
Þorsteinn h.f. v/smíði rækjubáts	FS	USD 850 000	USD 637 500
Samtals á áætluðu meðalgengi 1983 í millj. króna		411,2	315,7
Ófyrirséð		42,8	34,3
	Alls	454,0	350,0

Innlend skipasmíði — 1984

Slippstöðin hf. v/raðsmíði, B-66	FL	NOK 22 196 326	NOK 8 879 000
Slippstöðin hf. v/raðsmíði, B-67	FL	NOK 22 196 326	NOK 8 879 000

¹⁾ Skýring á heimild:

HL = Heimild langláanefndar

FL = Fundarsamþykkt langláanefndar

FS = Fiskveiðasjóður

²⁾ Skammtímalán hjá Landsbanka 31/12 1982 USD 2 000 000

³⁾ Skammtímalán hjá Landsbanka 31/12 1982 USD 850 000

⁴⁾ Skammtímalán hjá Landsbanka 31/12 1982 USD 1 004 200

Ath. SKT. Útvegsbanka, skipasm.st. Hörður DKK

Endurbætur erlendis — 1983	Heimild ¹⁾	Kostnaðarverð	Erlend lán
Hafnarberg hf. v/Ísleifs IV ÁR	HL	(1981)	NOK 327 000
Valdimar hf. v/Þuríðar Halldórsd. GK	HL	(1981)	DKK 1 200 000
Silfurnes hf. v/Gissurar hvíta SF	HL	DKK 6 829 938	DKK 2 200 000
Hraunhöfn hf. v/Boða KE	HL	NOK 5 717 080	NOK 3 830 446
Hraðfr.hús Þórkötlust. v/Þórkötlu II GK	FL-FS	DKK 3 958 500	DKK 2 335 200
Hraðfr.hús Grindav. v/Vörðuness GK	FL-FS	DKK 1 500 000	DKK 800 000
Krossvík hf. v/Krossvíkur AK	FS	NOK 3 430 000	NOK 1 300 000
Guðlaugur Karlsson v/Vonarinnar KE	FL-FS	DKK 5 693 000	DKK 4 554 400
Fjörður hf. v/Erlings GK	HL	DEM 470 000	DEM 141 000
Samtals á áætluðu meðalgengi 1983 í millj. kr.		65,0	38,5

¹⁾ Skýring á heimild:

HL = Heimild langláanefndar

FL = Fundarsamþykkt langláanefndar

FS = Fiskveiðasjóður

Endurbætur innanlands — 1983	Heimild ¹⁾	Kostnaðarverð	Erlend lán
Dráttarbraut Keflavíkur v/Jóns Ágúst GK	HL	USD 1 340 300	USD 900 000
Skipavík h/f. v/Sifjar SH	HL	USD 285 000	USD 183 000
Gullfaxi s/f. v/Póris SF	HL	USD 160 000	USD 124 000
Útg.fél. Skagfirðings v/Hegraness	HL	USD 1 493 934	NLG 615 000
Sólborg h/f. v/Sólborgar SU	HL	USD 160 000	USD 120 000
Lónrangur h/f. v/Lárusar Sveinssonar SH			NOK 2 125 000
Hafrenningur h/f. v/Hafrennings GK	HL		NOK 500 000
Ísstöðin h/f. v/Sveinborgar GH	HL	ISK 4 080 000	ISK 2 040 000
Vesturröst h/f. v/Helgu Guðmundsd. BA	HL		USD 92 000
Hafnarnes h/f. v/Friðriks Sig. ÁR	FS	USD 307 000	USD 206 000
Einar Þorgilsson v/Faxa GK	FS	USD 385 000	USD 166 000
Sig. Olgeirsson v/Geirs Péturs ÞH	FL		USD 153 000
Skinney h/f. v/Steinunnar SF	FL		USD 38 000
Ástvaldur Péturss. v/Jóns Péturs SF	FL		USD 28 000
Hrólfur Gunnarsson v/Júpítars	(FL)	ISK 5 000 000	ISK 3 000 000
Slippstöðin v/Dagstjörnnunnar KE	(FL)		USD 625 000
Samtals á áætluðu meðalgengi 1981 í millj. króna			62,0

¹⁾ Skýring á heimild:

HL = Heimild langláanefndar

FL = Fundarsamþykkt langláanefndar, (FL) = ósamþykkt

FS = Fiskveiðasjóður

Önnur skipakaup — 1983	Heimild	Kostnaðarverð	Erlend lán
Nesskip h/f. v/sölu á Ísnes — 1982	Nesskip	GBP 2 000 000	GBP 1 600 000
Hafskip h/f. v/„Barrok“	Kaupleiga	USD 3 080 000	USD 2 464 000
Eimskip h/f. v/4 000 DWT	FL	USD 4 000 000	USD 3 200 000
Eimskip h/f. v/2 000 DWT	FL	USD 3 000 000	USD 2 400 000
Samtals á áætluðu meðalgengi 1983 í millj. kr.		236,2	190,0

Flugvélakaup — 1983	Heimild	Kostnaðarverð	Erlend lán
Albína Thordarson v/pyrlu	FL	USD 350 000	USD 315 000
Samtals á áætluðu meðalgengi 1983 í millj. króna		6,1	5,5
Ófyrirséð		5,9	4,5
	Alls	12,0	10,0

Fylgiskjal IV.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Spá um greiðslujöfnuð við útlönd.

Í m. kr. ¹⁾	1982	Drög að spá 1983
Viðskiptajöfnuður	-1 583	-157
Innfluttar vörur f.o.b.	-10 406	-13 507
Útfluttar vörur f.o.b.	8 823	13 350
Þjónustujöfnuður	-1 553	-2 357
Innflutt þjónusta	-5 339	-7 733
Útflutt þjónusta	3 786	5 376
Viðskiptajöfnuður	-3 136	-2 514
Í % af VPF	-10,4	-6,0
Framlög án endurgjalds	-50	-70
Fjármagnsjöfnuður	2 180	1 784
Löng lán, nettó	1 750	1 200
Innkomin löng lán	3 000	3 500
Afborganir	-1 250	-2 300
Aðrar fjármagnshreyfingar	436	584
Heildargreiðslujöfnuður	-1 000	-800
(Breyting gjaldeyrisstöðu)		

1) Gengi: Miðað við lækkun vísitölu meðalgengis um 57,8% á árinu 1982 miðað við árið áður og 39,3% á árinu 1983 miðað við árið 1982.

Fylgiskjal V.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

4. febrúar 1983.

Nokkrar peningastærðir 1978—1982. Breytingar í %.

	Frá upphafi til loka árs				
	1978	1979	1980	1981	1982
Heildarinnlán innlánsst.	49,5	58,1	67,1	69,9	59,8
Veltiinnlán	40,1	52,4	69,6	54,4	28,1
Almenn spariinnlán	45,4	51,6	67,6	82,7	57,2
Bundin innlán	63,0	70,9	65,0	62,4	81,2
Heildarútlán innlánsst.	39,9	59,1	60,7	69,5	86,3
Endurseld útlán	50,0	47,8	69,0	40,3	110,8
Önnur lán	36,3	63,5	57,8	80,0	79,0
Peningamagn og sparifé (M3)	48,8	55,9	65,4	70,5	58,4
Peningam. og alm. sparifé (M2)	43,4	49,4	65,5	74,5	47,9
Peningamagn (M1)	40,1	45,8	62,0	60,1	29,5
Seðlar og mynt í umferð	40,1	29,4	39,6	80,4	33,8
Grunnfé Seðlabankans	55,3	47,7	75,4	66,6	49,5
Til samanburðar:					
Breytingar verðlags	38,3	60,8	59,7	41,1	63,7

Fylgiskjal VI.

SEÐLABANKI ÍSLANDS Greiðslujafnaðardeild

3. mars 1983

Löng erlend lán.

(Sbr. 2. töflu um greiðslujöfnuð í Hagtölum mánaðarins.)

Staða í lok hvers tímabils í millj. króna á föstu gengi ¹⁾	1978	1979	1980	1981	1982 ²⁾
Erlend lán alls	10 503	11 757	13 743	16 311	19 600
1. Opinberir aðilar	6 918	7 790	8 953	10 299	12 785
1.1 Ríkisstj. og ríkisstofn.	4 104	4 563	4 925	5 268	6 700
1.2. Ríkisfyrirtæki	2 129	2 487	3 179	4 089	5 160
1.3. Bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra	685	740	849	942	925
2. Lánastofnanir	1 976	2 065	2 289	3 079	3 950
2.1. Seðlabankinn	253	223	204	188	166
2.2. Viðskiptabankar	931	1 008	1 207	1 738	2 025
2.3. Fjárfestingarlánasjóðir	792	834	878	1 153	1 759
2.3.1. Framkvæmdasjóður	615	664	698	945	1 535
2.3.2. Fiskveiðasjóður	177	170	173	169	155
2.3.3. Aðrir lánasjóðir	—	—	7	39	69
3. Lán einkaaðila	1 609	1 902	2 501	2 933	2 865
3.1. Fiskiskipalán (þ. m. t. vélar o. fl.)	317	317	326	316	...
3.2. Lán vegna fiskiðnaðar	8	5	4	1	...
3.3. Önnur skipalán	399	430	276	469	...
3.4. Flugvélalán	219	259	475	440	...
3.5. Önnur lán	666	891	1 420	1 707	...

¹⁾ Umreiknað til gengis 31. desember 1982 samkvæmt gengi SDR.

²⁾ Bráðabirgðatölur.

Fylgiskjal VII.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

3. mars 1983

Erlendar lántökur 1982.
Í millj. kr.

	Lánsfjárlög ¹⁾ (apríl 1982)	Bráðabirgðatölur ²⁾ 1982
Opinberir aðilar	1 420,6	2 151,9
B-hluti fjárlaga	768,2	1 082,1
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	512,1	643,5
Landsvirkjun	404,6	623,0
Orkubú Vestfjarða	39,5	20,5
Steinullarverksmiðja }	40,0	—
Sjóefnavinnsla }		
Stálbræðsla }		
Iðnrekstrarsjóður, Orkunýtingarsjóður	10,0	—
Annað	18,0	—
Sveitarfélög	140,3	426,3
Hitaveita Reykjavíkur	—	—
Aðrar hitaveitur	115,3	351,0
Rafmagnsveita Reykjavíkur	—	53,9
Reykjavíkurhöfn	—	11,8
Annað, ófyrirséð	25,0	9,6
Lánastofnanir	300,2	584,4
Framkvæmdasjóður	274,0	554,1
Iðnþróunarsjóður	26,2	23,4
Útflutningslánasjóður	—	6,9
Atvinnufyrirtæki	535,0	845,4
Járnblendifélagið	20,0	104,5
Skip, samtals	175,0	349,8
(Fiskiskip)	(90,0)	(157,1)
(Önnur skip)	(45,0)	(128,6)
(Endurbætur)	(40,0)	(64,1)
Flugvélar	10,0	5,0
Innlend skipasmíði	165,0	89,2
Endurbætur innanlands	30,0	44,9
Vélar og tæki	60,0	150,0
Ýmislegt	75,0	102,0
Samtals	2 255,8	3 581,7

¹⁾ Gengisforsenda: 39% yfir meðalgengi 1981 (USD = 10,06 krónur).

²⁾ Gert upp á meðalgengi 1982 (USD = 12,542 krónur).

Fylgiskjal VIII.

Fiskveiðasjóður Íslands

GREIÐSLUÁÆTLUN 1983 (endurskoðuð 18. febrúar 1983)

Innborganir	kr. 720 millj.
Útborganir	kr. 1 210 —
<hr/>	
Eigið ráðstöfunarfé	kr. 490 —
Lánsloforð frá 1982 og fyrr	kr. 115 —
<hr/>	
Fjárvöntun án nýrra lánsloforða	kr. 605 —
Áætluð lágmarkspörf vegna nýrra lánsloforða	
a) endurbætur fiskiskipa	kr. 50 millj.
b) vinnslustöðvar	kr. 115 millj.
<hr/>	
Lántökuþörf	kr. 165 —
<hr/>	
Lántökuþörf	kr. 770 millj.

Þessi áætlun um ný útlán er án hugsanlegra lána sem falla undir svonefnda erlenda fjármögnun. Talan 770 milljónir er sú fjárhæð, sem sjóðurinn þarf sjálfur að taka að láni, væntanlega úr Framkvæmdasjóði.

Fylgiskjal IX.

Húsnæðisstofnun ríkisins

2. marz 1983.

Byggingarsjóður ríkisins.

M. kr.	1982	Áætlun 1982
Innstreymi		
Ríkissjóður	69.7	59.8
Skyldusparnaður (nettó)	29.3	20.0
Atvinnuleysistryggingasjóður	52.4	52.4
Lífeyrissjóðir	128.9	187.0
Afborganir, vextir og vísitala	191.4	175.0
Sjóðslækkun	43.9	
Tekjur tæknideildar	4.6	4.2
Annað	3.8	1.6
	524.0	500.0
Útstreymi		
Rekstrarkostnaður	17.0	13.0
Afborganir, vextir og vísitala	109.0	107.4
Sjóðshækkun		1.4
Annað	4.9	4.2
Lán 1982	393.1	374.0
	524.0	500.0
Lán 1982		
Nýbyggingar (1. +2. +3. hluti)	159.0	167.0
Eldri íbúðir	105.4	115.0
Leiguíbúðir og heimili fyrir aldraða og dagv.st.	14.8	17.0
Viðbyggingar og endurbætur	27.0	14.0
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis	3.1	4.0
Einstaklingar með sérþarfir	3.5	3.0
Orkusparandi breytingar	6.1	7.0
Tækninýjungar og rannsóknir		1.0
Ýmsir framkvæmdaaðilar	32.0	20.0
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga	42.2	26.0
	393.1	374.0
Sjóður 1. janúar 1982: 29.5		
Sjóður 31. desember 1982: -14.4		
Skyldusparnaður, brúttó (inn): 212.3		
Skyldusparnaður, brúttó (út): 183.0		

Fylgiskjal X.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun

8. mars 1983

Til: fjárhags- og viðskiptanefndar

Frá: fjárlaga- og hagsýslustofnun

Efni: Svör við framkomnum fyrirspurnum á fundi nefndarinnar 2. mars 1983.

1. Sundurliðun á lánsfé til hluta- og eiginfjárframlaga.	
Landsvirkjun	10 400
Vegna skuldar Útvegsbanka við Seðlabanka, sbr. lög nr. 13/1981	7 500
Alþjóðaframfarastofnun	3 660
Alþjóðabankinn	8 255
Grænfóðurverksmiðjur	4 500
Heimildir skv. 6. gr. fjárlaga og sérlögum	70 685
	<hr/>
	105 000

Til frekari skýringar er vísað til frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1983, bls. 188.

2. Heildarlánsfjáröflun til A-hluta ríkissjóðs nemur 525 000 þús. kr., sbr. fylgiskjal 1, bls. 8 í lántökufrumvarpi. 472 000 þús. kr. eru sérstaklega ætlaðar til verkefna, sem upp eru talin. Þær 53 000 þús. kr., sem eftir standa, til ótilgreindra verkefna sem geta verið hafnarframkvæmdir, flugvallagerð og til orkumála.
3. Aðstoð við Flugleiðir alls 34 400 þús. kr. er vegna niðurfellingar á tekjum ríkissjóðs af Norður-Atlantshafsflugi Flugleiða árið 1982. Hér er um að ræða lendingargjöld, launaskatt, opinber gjöld félagsins o. fl.
4. Skuldastaða byggðalána og Kröfluvirkjunar. Hjálagt er yfirlit úr Ríkisreikningi árið 1981 um rekstur og efnahag byggðalána og Kröfluvirkjunar 1974—1981. Þar sem aðeins kemur fram staða skulda 1980 og 1981 hefur verið aflað yfirlits um stöðu skulda 1979, sbr. eftirfarandi:

Skuldastaða í árslok hvert ár að meðtöldu endurmati skv. gildandi vísitölu í árslok hvert ár
(í þús. kr.)

	1979	1980	1981
Byggðalínur	209.239	400.899	611.879
Kröfluvirkjun	240.027	407.670	558.223

Ekki er fyrirleggjandi endurmat skulda fyrir 1979 né uppgjör ársins 1982.

Fylgiskjal XI.

RÍKSREIKNINGUR 1981
B-HLUTI

31 313—314 KRÖFLUVIRKJUN:
BORHOLUR, AÐVEITUKERFI, STÓÐVARHÚS OG VÉLAR
Samandregið frá Kröflunefnd, RARIK og Jarðvarmaveitum

Í þús. kr.	BYGGINGARREIKNINGUR					Samtals
	Árin 1974—1976	Árið 1977	Árið 1978	Árið 1979	Árið 1980	
Tegundaskipting:						
Laun og launatengd gjöld	538	1 165	1 358	385	269	845
Efniskaup, orka og ýmsar vörur	7 273	3 945	1 350	÷ 48	2 676	10 442
Ýmis þjónusta, þar með akstur og flutningar	2 374	1 739	1 481	169	4 101	5 194
Sérfræðipjónusta, einkum verkfræðipjónusta	6 053	2 600	1 192	895	10 780	15 684
Verkkaup, verktakar og verkstæði	17 234	12 020	4 004	1 185	5 890	6 076
Vextir og lánggjöld	2 395	5 234	12 680	20 427	24 179	34 780
Skadabætur	—	2	1	—	28	31
Tryggingar og skattar	233	78	154	57	18	22
Eignakaup	20 434	951	117	203	194	714
Tilfærsla, björgunarsveit	1	3	—	—	—	—
Samtals	56 535	27 737	22 337	23 273	48 135	73 757

Til frádráttar:						
Vaxtatekjur	117	32	47	27	410	1
Vélaeiga, skaðabætur, afsiáttur, endurgreitt fæði o. fl.	176	17	768	—	—	—
Orkusala	—	—	203	1	—	—
Seldir skálar, áhöld, efni	141	42	934	85	108	134
Alls í þús. kr.	56 101	27 646	20 385	23 160	47 617	73 622
Fjárlög, fjárfesting og vextir	48 137	24 230	11 890	20 020	42 916	70 090
						217 283

Fjárlög, fjárfesting og vextir

SAMANDREGINN REKSTRARREIKNINGUR ORKUSÖLU ÁRANNA 1979—1981

Gjöld:	Reikningur		Tekjur:		Fjárlög	Reikningur	Fjárlög
	Reikningur	Fjárlög	Seldar vörur og þjónusta	Reiknað vegna eign fjárfestingar			
Hráefni og vörur til endursölu	—	—	—	—	—	21 527	—
Laun og ýmis starfsmannagjöld	8 125	—	—	—	—	2 219	—
Ýmis gjöld	12 929	—	—	—	—	171	—
Váðhald	—	—	—	—	—	96	—
Vaxta- og lántökugjald	—	4	—	—	—	—	—
Afskriftir efnislegra fjármuna	—	—	—	—	—	—	—
Gjöld samtals	21 058	—	—	—	—	24 013	—
Tekjur umfram gjöld	2 955	—	—	—	—	—	—
Alls í þús. kr.	24 013	—	—	—	—	24 013	—
						Rekstrartekjur samtals	—
						Gjöld umfram tekjur	—
						Alls í þús. kr.	24 013

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1980 OG 1981

	1981	1980	1981	1980
Eignir:			Skuldir:	
Stjóður	—	—	Yfirráttur bankareiknings	—
Bankainnstæður	225	458	Ymsar lausaskuldir	2 824
Ymsar innstæður	3 904	1 392	Tekin lán	558 223
Veitt lán	—	—		
Hlutabréf og stofnfjárframiög	—	—	Skuldir samtals	561 047
Vöru- og efnisbirgðir	—	—		
Húseignir, lóðir og lendur	5 475	5 126	Eigið fé:	
Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.	330	283	Ymsir eignfjárreikningar	—
Bífréðar og vinnuvélar	1 240	772	Höfuðstóll í ársbyrjun	60 154
Virkjunarframkvæmdir, byggingarkostn.	242 557	169 798	Framlag úr ríkissjóði	38 627
Virkjunarframkvæmdir, endurmat lána	410 261	292 138	Af rekstrarreikningi 1981	4 164
Alls í þús. kr.	663 992	469 967	Alls í þús. kr.	663 992

31 315 BYGGÐALÍNUR MEÐ ADVEITUSTÖÐVUM

	Árið 1976	Árið 1977	Árið 1978	Árið 1979	Árið 1980	Árið 1981	Samtals
Tegundaskipting:							
Laun og launategd gjöld	198	—	1 153	1 097	376	42	2 866
Efniskaup	12 724	6 914	11 835	12 257	21 312	27 134	92 176
Ymis þjónusta, þar með ásktur og flutningar	1 965	1 805	2 490	3 923	5 982	6 684	22 849
Sérfræðisþjónusta, einkum verkfræðisþjónusta	795	456	928	1 524	5 172	5 228	14 103
Verkkaup, verktakar og verkstæði	6 428	5 812	7 380	9 531	22 759	26 438	78 348
Vextir og lántökugjöld	2 768	3 121	8 452	19 813	22 987	38 109	95 250
Tryggingar, skaðabætur o. fl.	38	55	37	9	133	73	345
Alls í þús. kr.	24 916	18 163	32 275	48 154	78 721	103 708	305 937
Fjárlög, fjárfesting og vextir	17 830	15 980	21 030	18 530	55 790	52 100	181 260

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1981 OG 1980

	1981	1980		1981	1980
Eignir:			Skuldir:		
Sjóður	—	—	Yfirdráttur bankareikninga	—	—
Bankainnstæður	—	—	Ymsar lausaskuldir	25 945	17 044
Ymsar innstæður	—	—	Tekin lán	611 879	400 899
Veitt lán	—	—			
Hlutabréf og stofnfjárframlög	—	—	Skuldir samtals	637 824	417 943
Vöru- og efnisbirgðir	—	—			
Húsetgnir, loftir og lendur	—	—	Eigið fé:		
Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.	467	101	Ymsir eiginfjárreikningar	—	—
Borholur og aðveituk., byggingakostnaður	305 473	202 129	Höfuðstóll í ársbyrjun	—	—
Borholur og aðveitukostn., endurmat	331 884	215 713	Endurmat á árinu	—	—
			Af rekstrarreikningi 1981	—	—
Alls í þús. kr.	637 824	417 943	Alls í þús. kr.	637 824	417 943

Byggðalínur eru: Norðurlína, Kröflulína, Austurlína, Vesturlína, Suðurlína og Suðausturlína.

Fylgiskjal XII.

Landsvirkjun
Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis
c/o Hr. alþingismaður Halldór Ásgrímsson

07.03.1983

Í framhaldi af fundi fulltrúa Landsvirkjunar og nefndarinnar fimmtudaginn 3. þ. m. óskar Landsvirkjun eftir að koma eftirfarandi upplýsingum og skýringum á framfæri varðandi fyrirhugaðar fjárfestingar Landsvirkjunar 1983 og hlutaðeigandi lánsfjárbörf.

Frumvarp til lánsfjárlaga 1983 var til umfjöllunar á fundi stjórnar fyrirtækisins föstudaginn 4. þ. m. að því er varðar Landsvirkjun, en fyrirtækið hefur lagt fram hugmyndir um framkvæmdir og lánsfjáröflun á árinu 1983 sem hafa miðast við það í stórum dráttum að ljúka við Sultartangastíflu og Suðurlínu á árinu, en hvort tveggja var í áætlun iðnaðarráðherra 1983, halda áfram með Kvíslaveituframkvæmdir þannig, að þeim megi ljúka á árinu 1986, og hefja framkvæmdir við Blönduvirkjun með það fyrir augum að tryggja það, að gangsetning þeirrar virkjunar gæti orðið haustið 1987. Landsvirkjun hefur einnig gert ráð fyrir áframhaldandi rannsóknastarfsemi sem miðar einkum að því að treysta sem best áætlanagerðina um þær virkjanir, sem eru á næsta leiti, og auka svigrúmið í virkjanavalinu. Þá hefur fyrirtækið gert ráð fyrir því að ljúka í ár eftirstöðvum framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun auk ýmissa minni háttar framkvæmda. Hugmyndir Landsvirkjunar um framkvæmdir á árinu 1983 hafa í för með sér fjárfestingar sem nema alls um 1224 milljónum króna með vöxtum á byggingartíma og lánsfjáröflun að sömu fjárhæð, og er Blanda og Suðurlína hér með talin.

Nú liggur fyrir í áðurnefndu frumvarpi að reiknað er með 860 milljónum króna með vöxtum til framkvæmda Landsvirkjunar í ár, þar af eru 500 milljónir króna til framkvæmda á Þjórsársvæði, 200 milljónir króna til Blönduvirkjunar og 160 milljónir króna til Suðurlínu.

Landsvirkjun telur að athuguðu máli að við frumvarpið megi una að því er hlut Landsvirkjunar snertir, sbr. þó eftirfarandi:

Þjórsársvæðið og rannsóknir.

Mjög óráðlegt virðist vera að fresta framkvæmdum við Sultartangastíflu, þar sem það verk er bundið af verksamningi. Frestun framkvæmda í þessu verki getur leitt af sér aukakostnað sem nemur yfir 50 milljónum króna, auk þess sem tekin er mjög aukin áhætta, ef mannvirki þetta á að standa ófullgert einn vetur til viðbótar. Þá skal einnig á það minnt, að rekstraröryggi Búrfellsstöðvar eykst mjög verulega, þegar mannvirki þetta verður tekið í notkun. Hægt er að fullgera Sultartangastíflu á þessu ári innan þeirra lánsfjármarka, sem áðurnefnt frumvarp gerir ráð fyrir, eins og sést á meðfylgjandi yfirliti, dags. 2. þ. m. Þar er einnig gert ráð fyrir, að dregið verði úr framkvæmdum við Kvíslaveitur og rannsóknarstarfsemi auk þess sem ýmsum minni háttar framkvæmdum verði frestað. Þó að dregið verði úr framkvæmdum við Kvíslaveitur á þessu ári mun vera unnt að ljúka þeirri mannvirkjagerð ásamt stækkun Þórisvatns árið 1986, en þetta þýðir hins vegar óhjákvæmilega minna framkvæmdajafnvægi og aukningu vinnuafstöppa sem verður til kostnaðarauka síðar. Þá er óheppilegt að draga svo mjög úr rannsóknarstarfseminni sem sýnt er á yfirlitinu, þó við það megi una eins og á stendur.

Blönduvirkjun.

Þær 200 milljónir, sem ætlaðar eru til Blönduvirkjunar í frumvarpinu, nægja til þess að tryggja það, að Blöndu megi gangsetja haustið 1987 eins og stefnt hefur verið að.

Hér skal þess getið, að ef tekin væri ákvörðun nú um það að fresta gangsetningu Blöndu um eitt ár eða til ársins 1988, mætti hér fresta fjárfestingu, sem nemur u. þ. b. 100 milljónum króna, fram til næsta árs.

Ef Kvíslaveiturnar og stækkun Þórisvatns verða tilbúnar á tilsettum tíma, er útlit fyrir að anna megi núverandi markaði fram á haustið 1988 og jafnvel eitthvað lengur. Frestun Blönduvirkjunar myndi hins vegar leiða af sér, að ekki væri unnt að auka orkusölu til orkufreks iðnaðar fyrr en um leið og sú virkjun kemur í gagnið. Væri þá svigrúm til að sjá nýjum orkufrekum iðnaði fyrir orku verulega þrengt.

Suðurlína, aðveitustöðvar o. fl.

Í ljós hefur komið, að nú þegar hefur þeirri upphæð, sem lánsfjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir vegna Suðurlínu, 160 milljónum króna, verið ráðstafað í bindandi verksamninga og efniskaup. Þessi lánsfjárheimild þýðir að hætta verður við öll frekari áform um framkvæmdir á árinu, og sú vinna, sem í gangi er, myndi stöðvast í byrjun júní. Stöðvun þessarar framkvæmdar hefur einhvern kostnaðarauka í för með sér, auk þess sem ársfrestun yrði á því, að orkuafhendingsöruggi á byggðalínuhringnum yrði bætt, eins og að er stefnt með þessari framkvæmd.

Að öllu samanlögðu virðist sem fyrirliggjandi frumvarp til lánsfjárlaga geri ráð fyrir lánsfjárheimild til Landsvirkjunar sem við megi una með þeim skýringum og fyrirvörum, sem að ofan greinir.

Virðingarfyllst,
Halldór Jónatansson
aðst. framkvæmdastjóri.

Stofnkostnaður Landsvirkjunar 1983 (BV-1600).

Áætlun LV, sem send var iðnaðarráðuneytinu í nóv. s. l., og fyrirhugaður niðurskurður á lánsfjáráætlun.

Verðlag 1983, byggingarvísitala 1600

	Áætlun LV í okt. 1982, með vöxtum m. kr.	Hugsanleg breyting í samræmi við niðurskurð m. kr.
Hrauneyjafossvirkjun	109,3	57 ¹⁾
Sultartangastífla	289,3	292 ²⁾
Kvíslaveitur og Þórisvatn	67,5	48 ³⁾
Mælingar (Sprengisandslína o. fl.)	12,9	12 ⁴⁾
Rannsóknir (Þjórsársvæði, Fljótsdalsv.)	92,0	60 ⁵⁾
Sigöldulón, yfirfall	15,3	21 ⁶⁾
Viðbygging á Geithálsi	10,7	0 ⁷⁾
Mötuneyti Búrfelli	4,6	5 ⁸⁾
Straumfræðistöð	6,1	0 ⁹⁾
Ýmislegt, ófyrirséð	61,4	5 ¹⁰⁾
Samtals	669,1	500
Blönduvirkjun	270,0	200 ¹¹⁾
Suðurlína, aðveitustöðvar o. fl.	284,9	160 ¹²⁾
	1 224,0	860

Athugasemdir:

- 1) Fyrri áætlun of há, einkum vegna þess að meira var gert árið 1982 en reiknað hafði verið með áður. Auk þess er áætlun um kröfugerð verktaka o. fl. mun lægri en áður.
- 2) Samningsbundið og því ekki hægt að fresta.
- 3) Aðeins reiknað með styrkingu á stíflugrunnum við Svartá, Þúfuver og Eyvindarver og lúkningu botnrásar í Þúfuversstíflu.
- 4) Talið nauðsynlegt til að halda opnum möguleika, að línan geti komist í gagnið 1987.
- 5) Rannsóknir á Fljótsdalsheiði skornar næstum alveg niður og svipuð upphæð skorin niður á Þjórsársvæði.
- 6) Áriðandi framkvæmd, ný kostnaðaráætlun.
- 7) Þarfnast ekki skýringa.
- 8) Samningsbundið og þegar framkvæmt að mestu leyti.
- 9) Þarfnast ekki skýringa.
- 10) Frestun á ýmsu smálegu og minnkun svigrúms.
- 11) Áætlun aðeins skert vegna stífluf framkvæmda á Auðkúluheiði sem fresta má, án þess að fresta þurfi gangsetningu Blönduvirkjunar til 1988.
- 12) Frestun alls sem er ekki þegar samningsbundið. Lúkning frestast til 1984.

Fylgiskjal XIII.

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS
Fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds

03.03.1983

Verzlunarskóli Íslands er nú að hefja byggingu nýs skólahúss í Kringlumýri við Ofanleiti. Framkvæmdir verða kostaðar af eignum skólans að $\frac{1}{3}$ hluta og lánsfé að $\frac{2}{3}$ hlutum. Heildar-byggingarkostnaður er áætlaður um 100 milljónir króna og grunnfletir gólfa alls um 7500 m².

Æskilegt og e. t. v. nauðsynlegt kann að reynast að fá ríkisábyrgð fyrir 15 milljóna kr. framkvæmdaláni, sem tekið yrði á þessu ári. Fyrir því er hér með óskað eftir að heimildarákvæði þess efnis komi inn í lánsfjáráætlun þá sem nú er til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Sigurður Gunnarsson.
formaður skólanefndar.

Fylgiskjal XIV.

Hr. iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Reykjavík, 1982-03-04

Varðandi: **Heimild til erlendra lántöku fyrir Hitaveitu Akureyrar árið 1983.**

Hitaveita Akureyrar hefur nú nýfarið orðið þess áskynja, að ekki er gert ráð fyrir nýjum erlendum lántökum fyrir Hitaveitu Akureyrar á lánsfjáráætlun fyrir árið 1983. Öllum má vera það ljóst, eftir það sem á undan er gengið, að Hitaveita Akureyrar hefur þörf fyrir nýjar lántökur á árinu 1983, óvissa hefur hins vegar verið um hve stórar lántöknar þurfi að vera.

Nú er orðið ljóst, að lánsfjárþörf hitaveitunnar verður USD 2 000 000,00 — á árinu 1983 og sótt hefur verið um þessa lántökuheimild til langlánanefndar.

Vill undirritaður hér með f. h. Hitaveitu Akureyrar beiðast þess, að þér, hæstvirtur iðnaðarráðherra, beitið yður fyrir því, að ofangreindri lánsupphæð verði komið inn á lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, upp kominn misskilningur þar með leiðréttur og Hitaveitu Akureyrar þannig tryggður grundvöllur að eðlilegum rekstri.

Virðingarfyllst,
f. h. Hitaveitu Akureyrar
Wilhelm V. Steindórsson
hitaveitustjóri.

Fylgiskjal XV.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Vinnumálaskrifstofa
félagsmálaráðuneytis
Arnarhváli
101 Reykjavík

8. mars 1983

Uppsagnir starfsmanna.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1983, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi, er gert ráð fyrir að 160 Mkr. sé varið til framkvæmda við byggðalínur. Var farið fram á 285 Mkr. til þessara framkvæmda.

Niðurskurður á framkvæmdafé úr 285 Mkr. í 160 Mkr. hefur í för með sér að stöðva verður framkvæmdir við Suðurlínu, en það leiðir af sér uppsögn 40—50 starfsmanna Rafmagnsveitnanna, sem við verkið vinna skv. verksamningi við Landsvirkjun. Hér er um að ræða línumenn og rafvirkja, sem eru félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri.